

Úrskurður nr. 9/2010.

Kærð er sú ákvörðun Tollstjóra sem birt var í úrskurði nr. 16/2010 um tollflokkan á eldavél af gerðinni Beha Cooking Range M31AA sem heimilistæki. Kærandi krefst þess að tækið verði tollflokkað sem vél til veitinga/iðnaðarrekesturs. Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda í málinu.

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags 19. ágúst 2010, kærir lögmaður, f.h. S., úrskurð tollstjóra nr. 16/2010 um tollflokkan á Beha Cooking Range M31AA eldavél. Tollstjóri tollflokkar vöruna í hinum kærða úrskurði í tnr. 8516.6001. Kærandi gerir kröfu um að tækið verði flokkað í tnr. 8419.8901.

Í hinum kærða úrskurði segir m.a. að þann 22. janúar 2010 hafi kærandi flutt inn vöruna Beha Cooking Range M31AA frá Noregi með sendingu með sendingarnúmeri E DET 06040 NO FRK Wo48 frá fyrirtækinu Beha Hedo Industries a/s. Varan var afgreidd í VEF-tollafgreiðslu, sbr. 23. gr. tollalaga nr. 55/2008, og tollflokkuð í tollskrárnúmer 8516.6002 án athugasemda Tollstjóra. Þann 19. apríl skilaði kærandi inn leiðréttingarskýrslu, sbr. 116. gr. tollalaga og krafðist þess að varan yrði felld undir tollskrárnúmer 8419.8101. Tollstjóri gerði athugasemd í Tollakerfi þann 27. apríl og benti á að fyrri aðflutningskýrsla teldist rétt. Lagði kærandi því fram aukinn rökstuðning sem barst embættinu þann 24. júní s.l. Þann 19. júlí óskaði Tollstjóri eftir frekari gögnum sem bárust þann 21. sama mánaðar og taldist gagnaöflun þá lokið.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að kærandi haldi því fram að flokkan tollstjóra sé röng því að tollflokkur 8516.6002 eigi aðeins við um eldavélar til heimilisnota en þessi vél sé sérhönnuð til notkunar um borð í skipum, en skip geti aldrei verið lögheimili fólks, sbr. lög 21/1990. Ágreiningur í þessu máli snýst um tollflokkan og álagningu gjalda á vöru. Varan er eldavél af gerðinni Beha Cooking Range M31AA 230/3/50 Dividet model og er ætluð til nota um borð í skipum. Vélin er 220 kg, 86 cm á breidd, 86 cm að dýpt, 85 cm að hæð, stálklædd, með stillanlegum fótum og gólfestingum en tilheyrandi bakkar og grindur fylgja. Hægt er að panta aukabúnað við vélina, s.s. slár eða grindur sem varna því að pottar renni út af henni. Ofni vélarinnar er stjórnað með tveimur tökkum, annar fyrir yfirhita og hinn fyrir undirhita.

Þá segir að undir vörulið 8419 í tollskrá, falli: *Vélbúnaður, vélakostur eða búnaður fyrir rannsóknarstofur, einnig rafmagnshitaður (þó ekki bræðslu- og hitunarofnar og annar búnaður í nr. 8514) til vinnslu á efnum með aðferðum sem fela í sér hitabreytingu svo sem með hitun, suðu, stiknun, eimingu, hreinsun, dauðhreinsun, gerilsneyðingu, eimvætingu, þurrkun, uppgufun, gufugerð, þéttingu eða kælingu, þó ekki vélbúnaður eða vélakostur til heimilisnota; hrað- eða geymavatnshitarar, ekki fyrir rafmagn.* Við vörulið 8516 segir að þar falli undir: *Hrað- eða geymavatnshitarar og hitastautar (hitöld) fyrir rafmagn; raftækjabúnaður til hitunar á rými (space) og jarðvegi; rafmagnshituð hársnyrtitæki (t.d. hárrurrkur, hárlíðunartæki, hitunartæki fyrir hárlíðunarjárn) og rafmagnsstraujárn; önnur rafmagnshitunartæki til heimilisnota; rafmagnshitamótstöður, þó ekki í nr.8545.*

Tollstjóri segir að sú venja hafi mótast í framkvæmd að túlka hugtakið heimilisnot rúmt í þessu samhengi. Í dreifibréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 07.04.1983, koma t.d. fram leiðbeiningar um tollflokkan á ýmsum kæli- og frystitækjum en þar segir: „*Hér undir ber að flokka þá (kæli)skápa sem eru allt að 650 l. að rúmtaki og eru sýnilega ætlaðir til*

heimilisnotkunar í víðari merkingu, þ.e. henta heimilum, mótuneytum, hótelum, skipum o.þ.h. enda séu skáparnir ekki sérhannaðir til annarra sérstakra nota, s.s. lyfjaskápar o.þ.h.”

Tollstjóri segir embættið hafa byggt túlkun hugtaksins á ofangreindum leiðbeiningum um árabíl, sbr. m.a. bréf Ríkistollstjóra frá 10. október 1991. Þar segir: „*Embættið lítur svo á að hugtakið heimilistæki sé í tollskrá almennt notað í viðtækari merkingu, þ.e. nái yfir tæki sem henti til léttis við heimilisstörf, mótuneytarekstur, hótellekstur o.s.frv. En tæki sem almennt eru notuð á heimilum geta í mörgum tilfellum verið af þeirri stærð og með slíka afkastagetu að álita verði þau sérhönnuð til atvinnureksturs*”. Einnig kemur til skoðunar úrskurður í máli nr. 21/1991 frá 24 október 1991, en þar töldust ísmolavélar til heimilistækja í þessu samhengi þar sem notkun þeirra ætti undir hugtakið heimilisnot. Í málinu kom fram að vélararnar væru aðallega ætlaðar til notkunar á hótelum, veitingahúsum og á stærri heimilum. Þá skal nefnt að hin rúma skilgreining á hugtakinu „heimilisnot” í tollskrá hefur verið látin ráða við tollflokkin ymissa fleiri tækja svo sem víftum.

Þá segir að samkvæmt 20. gr. tollalaga nr. 88/2005 skulu innflytjendur færa vöru til tollflokks í viðeigandi tollskjöllum samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar sem birtar eru í viðauka I við tollalögin. Reglurnar eru birtar fremst í tollskránni en einnig er að finna athugasemdir í byrjun hvers flokks og kafla skrárinnar sem ráða túlkun hverju sinni. Tollflokkin skal byggð á *orðalagi vöruliða og athugasemda* við viðeigandi *flokka og kafla* skv. túlkunarreglu 1. Flokkun vara í *undirliði* einstakra vöruliða skal jafnframt byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemd við þá í viðeigandi köflum tollskrárinnar, skv. túlkunarreglu 6. Þá segir í 1. mgr. túlkunarreglu 1 að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Um samsetningu tollnúmera með tilliti til vöruliða og undirliða vísast til formála viðauka I við tollalögin. Varan sem hér er um ræðir sé ætluð til notkunar í skipum og útbúin sérstökum búnaði sem festir hana til að koma í veg fyrir að hún velti eða færast úr stað. Að öðru leyti er vélin hins vegar ekki frábrugðin öðrum sambærilegum eldavélum sem ætlaðar eru til heimilisnota í ofangreindum skilningi. Sú staðreynd að vélin er ætluð fyrir 3*220 volt, og henti því ekki til nota í landi þar sem gert er ráð fyrir 3*380 voltum, hefur ekki áhrif hér að lútandi. Geta vélarinnar er sambærileg því sem gengur og gerist með hefðbundnar eldavélar sem teljast til heimilisnota samkvæmt ofangreindu og hafa hingað til verið felldar undir vörulið 8516. Með vísan til ofangreinds er kröfu kæranda um að varan verði færð til tollflokks 8419 hafnað.

Að lokum segir í hinum kærða úrskurði að varan hafi hlotið VEF- tollafgreiðslu, sbr. 23. gr. tollalaga nr. 55/2008, og var þar felld undir tollskrárnúmer 8516.6002. Varan var þannig réttilega færð til tollflokks eða vöruliðar 8516. Við undirlið 6002 segir hins vegar að þar falli undir „*aðrir ofnar; eldavélar, eldahellur, suðuhringir, grill og steikarofnar: **annað***”. Við undirlið 6001 segir að þar falli undir *aðrir ofnar, eldavélar, eldahellur, suðuhringir, grill og steikarofnar; rafmagnseldavélar og eldunarhellur*”. Sú vörulýsing er mun nákvæmari og lýsandi fyrir gerð vörunnar sem hér er um ræðir. Varan skal því færð til flokks eða vöruliðar 8516 og undirliðar 6001, og hlýtur þannig tollskrárnúmer 8516.6001, sbr. túlkunarreglu 1 og 6. Þessi niðurstaða hefur þó ekki áhrif á ákvörðun gjalda þar sem sömu gjaldaliðir fylgja hvorum vörulið um sig.

Tollstjóri úrskurðar skv. 116. gr. tollalaga nr. 88/2005 með vísan til þess sem rakið er hér að framan og varan Beha Cooking Range M31AA sem flutt var inn með sendingu með sendingarnúmeri E DET 06040 NO FRK Wo48 skuli felld undir tollnúmer 8516.6001.

Í kærnu lögmanns innflytjanda (hér eftir kærandi) segir að Sjóvélar ehf. festi kaup á eldavélarbúnaði Beha Cooking Range M31AA sem sérhannaður er til notkunar um borð í

fiskiskipum. Við gerð tollskýrslu 7. apríl 2010 voru gerð þau mistök að búnaðurinn var flokkaður í tollflokk 8516.6002 sem skilgreindur er til heimilisnota. Þegar mistökin uppgötvuðust 19. apríl 2010 var send inn leiðréttingarskýrsla þar sem búnaðurinn var flokkaður í tollflokk 8419.8901. Þeirri leiðréttingu var hafnað af tollstjóra 29. apríl 2010. Sú niðurstaða var kærð til tollstjóra 22. júní 2010, sem eins og að framan greinir, komst að þeirri niðurstöðu í hinum kærða úrskurði 19. ágúst 2010 að búnaðurinn skuli flokkaður undir tollnúmer 8516.6001.

Þá segir að búnaður sá er hér um ræðir sé eingöngu ætlaður til notkunar um borð í fiskiskipum, sbr. yfirlýsingu framleiðandans Beha Hedo Industrier A/S, dags. 21. september 2010 og lýsingu á búnaðinum. Ljóst sé að eldavélarbúnaður þessi eigi ekkert skylt við almennar heimiliseldavélar hvað varðar gerð og styrkleika enda væru slíkar vélar ekki fluttar til landsins ef hægt væri að nota venjulegar heimiliseldavélar til sjós. Venjulegar heimiliseldavélar kosta frá kr. 50.000 til kr. 100.000 og vega um 50 kg., en Beha Cookong Range M31AA kostar um kr. 1.000.000. Búnaðurinn vegur 220 kg, og hefur að geyma ýmsan öryggisbúnað sem ekki fylgir heimiliseldavélum. Þá sé gert ráð fyrir því að búnaðurinn sé í stöðugri notkun. Í því skipi sem umræddum búnaði verður komið fyrir er 14 manna áhöfn. Áhöfnin starfar á vöktum og mun því búnaðurinn vera í notkun næstum allan sólarhringinn. Eldavélarbúnaðurinn eigi því meira skylt við eldavélarbúnað sem flokkast í 8419 til veitingarekstrar og notaður sé á veitingastöðum heldur en tnr. 8516 til heimilisnota.

Eftir eftirgrennslan innflytjanda telur hann allar líkur benda til þess að sambærilegur búnaður innfluttur af keppinautum sínum sé ekki tollflokkaður í tnr. 8516 sem heimilivél heldur í tnr. 8419 til veitingarekstrar. Þá er til þess að taka að í þeim gögnum sem vísað er til af Tollstjóra, þ.e. bréf Ríkistollstjóra frá 01.10.1991 og 07.04.1983 í dreifibréfi fjármálaráðuneytisins komi ekki upplýsingar fram um það í hvaða tollflokk umræddur búnaður skuli felldur undir.

Í hinum kærða úrskurði segir m.a. að sú venja hafi skapast að túlka heimilisnot rúmt, sbr. vörulið 8419 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005 og sú niðurstaða fengin að framangreindur búnaður falli undir heimilisnot. Að mati kæranda er fráleitt að þessi túlkunarvenja geti átt við í þessu tilfelli einkum með tilliti til þess að í úrskurðinum má glögg sjá að tollstjórinn velkist ekki í vafa um að búnaðurinn sé eingöngu ætlaður til nota í fiskiskipum. Á bls. 4 í úrskurðinum segir m.a.:

„Varan sem hér um ræðir er ætluð til notkunar í skipum og útbúin sérstökum búnaði sem festir hana til að koma í veg fyrir að hún velti eða færast úr stað...“

*Sú staðreynd að vélin er ætluð fyrir 3*220 volt, og henti því ekki til nota í landi þar sem gert er ráð fyrir 2*380 voltum...”*

Skv. framansögðu er þess krafist að framangreindur úrskurður tollstjórans, dags. 19. ágúst verði felldur úr gildi og búnaðurinn felldur undir tnr. 8419.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 11. október 2010. Var honum veittur frestur til að skila umsögn um kærana til 1. nóvember s.á. Umsögn tollstjóra barst nefndinni þann 29. október 2010. Tollstjóri fellst ekki á það með kæranda að vöruna beri að tollflokka í vörulið 8419. Það sé rétt að í úrskurðinum komi fram að varan sem hér um ræðir sé ætluð til notkunar í skipum og útbúin sérstökum búnaði sem festir hana til að koma í veg fyrir að hún velti eða færast úr stað. Ennfremur sú staðreynd að vélin sé ætluð

fyrir 3 x 220 volt og henti því ekki til nota í landi þar sem gert sé ráð fyrir 2 x 380 voltum. Í hinum kærða úrskurði kom fram að þessi atriði breyta engu um notkun og tilgang vélarinnar. Fyrir utan sérstakan búnað til að koma í veg fyrir að vélin færast úr stað eða velti, sé eldavélin ekki frábrugðin öðrum sambærilegum eldavélum sem ætlaðar séu til heimilisnota þegar komi að afkastagetu, vélin sé til dæmis ekki af þeirri stærð að hún geti fjöldaframleitt mat, Vélin sé ætluð til reglulegrar matargerðar fyrir afmarkaðan hóp manna, þ.e.a.s. 14 manna áhöfn skipsins á meðan á ferð til veiða stendur.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að til þess að eldavél falli í vörulið 8417 sé gert ráð fyrir að afkastageta hennar og þar með stærð sé meiri en sem nemur hefðbundinni heimilisvél. Slíkar vélar séu þá sérhannaðar til veitingaframleiðslu eða iðnaðar.

Þá segir í greinargerðinni að bréf ríkistollstjóra, dags. 1. október 1991, og dreifibréf fjármálaráðuneytisins, dags. 7. apríl 1983, séu notuð til rökstuðnings á skilgreiningu orðalags og hvernig skuli túlka hugtakið heimilistæki í þessu samhengi. En þar sé vísað til klakavéla sem að mestu leyti séu notaðar við iðnað en ekki inni á heimilum en séu samt settar í flokk heimilistækja. Jafnframt megi nefna að í skýringarbókum Alþjóðatollastofnunarinnar sé í E-lið við vörulið 8516, 8. tölulið nefnd tæki s.s. matarhitarar, diskahitarar o.fl. sem almennt þekkjast ekki inni á venjulegum heimilum en teljast samt sem áður heimilistæki. Ljóst sé að fordæmi og áralöng stjórnsýsluframkvæmd styðji hinn kærða úrskurð.

Tollstjóri vísar til hins kærða úrskurðar og krefst þess að hann sé staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar þann 2. nóvember 2010. Í svari sem barst nefndinni þann 16. nóvember s.á. er fullyrðingu tollstjóra um að vélin sé ekki frábrugðin öðrum sambærilegum eldavélum, sem ætlaðar séu til heimilisnota, vísað á bug enda telur kærandi að hún sé með öllu órökstudd. Kærandi ítrekar að vélin sé ætluð og gerð til notkunar allan sólarhringinn og það gefi að sjálfsögðu möguleika á að fjöldaframleiða mat. Kærandi bendir á að á vélinni sé stórar hellur, tvær kringlóttar, önnur 23 cm og hin 32 cm, hin þriðja sé ferköntuð og er 23 x 52 cm að stærð. Að mati kæranda fyrirfinnast slíkar hellur ekki á heimilisvélum.

Kærandi vísar á bug þeirri röksemd tollstjóra að áralöng stjórnsýsluframkvæmd styðji hinn kærða úrskurð. Hann telur að röng stjórnsýsluframkvæmd, þó áralög sé, geti aldrei orðið til þess að hún teljist rétt. Ranga stjórnsýsluframkvæmd verði að leiðrétta.

Að lokum segir kærandi að það megi ráða af gögnum máls að Tollstjóri velkist ekki í vafa um að eldavélabúnaðurinn sé eingöngu ætlaður til notkunar um borð í skipum og því krefst kærandi þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og eldavélin tollflokkuð í tnr. 8419.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Deilt er um tollflokkuð á eldavél af gerðinni Beha Cooking Range M31AA. Tollstjóri tollflokkar vöruna í tnr. 8516.6001. Kærandi gerir kröfu um að vélin verði flokkuð í tnr. 8419.8901.

Eldavélin sem hér um ræðir er af gerðinni Beha Cooking Range M31 AA. Vélin er 890mm á breidd og vegur um það bil 220 kg. Á vélinni eru tvær hringlaga hellur 32cm og tvær hellur 23cm. Vélin sem hér um ræðir er gerð fyrir þriggja fasa 220 volta spennu og 50 Hz. Vélin þannig útfærð, krefst 63 ampera öryggis og afkastar/notar allt að 13,4 kw orku þannig

tengd. Vél þessarar gerðar er hægt að tengja á mismunandi þriggja fasa spennu auk þess að vera fánleg fyrir 220 volta jafnstraum. Á vélinni eru auk þess festingar fyrir grind til að skorða potta og pönnur, til að nota í skipum. Í upplýsingum frá framleiðanda er ekki sjáanlegur möguleiki að tengja hana við einfasa rafmagn en sumar heimilisvélar hafa möguleika á eins, tveggja eða þriggja fasa tengingu.

Í tollskrá segir í þeim tollskrárnúmerum sem hér eru til skoðunar:

8419 Vélbúnaður, vélakostur eða búnaður fyrir rannsóknarstofur, einnig rafmagnshitaður (þó ekki bræðslu- og hitunarofnar og annar búnaður í nr. 8514) til vinnslu á efnum með aðferðum sem fela í sér hitabreytingu, svo sem með hitun, suðu, stíknun, eimingu, hreinsun, dauðhreinsun, gerilsneyðingu, eimvætingu, þurrkun, uppgufun, gufugerð, þéttingu eða kælingu, þó ekki vélbúnaður eða vélakostur til heimilisnota; hrað- eða geymavatnshitarar, ekki fyrir rafmagn:

8419.6000 — Vélbúnaður til að þétta andrúmsloft eða aðrar lofttegundir
— Annar vélbúnaður, vélakostur og tæki:
— — Til að laga heita drykki eða elda eða hita matvæli:

8419.8101 — — — Til veitingareksturs

8419.8109 — — — Annað
— — Annars:

8419.8901 — — — Til veitingareksturs

8516 Hrað- eða geymavatnshitarar og hitastautar (hitöld) fyrir rafmagn; aftækjabúnaður til hitunar á rými (space) og jarðvegi; rafmagnshituð hársnyrtitæki (t.d. hárrurrkur, hárlíðunartæki, hitunartæki fyrir hárlíðunarjárn) og rafmagns-straújárn; önnur rafmagnshitunartæki til heimilisnota; rafmagnshitamótstöður, þó ekki í nr. 8545:

— Aðrir ofnar; eldavélar, eldahellur, suðuhringir, grill og steikarofnar:

8516.6001 — — Rafmagnseldavélar og eldunarhellur

Vélin sem hér um ræðir aðgreinir sig frá venjulegu heimilistæki þar sem hún er gerð fyrir þriggja-fasa rafmagn og notar 64 ampera öryggi. Slík rafmagnstenging er að öllu jöfnu ekki notuð fyrir heimilistæki heldur er hún algeng í iðnfyrirtækjum og annarri atvinnustarfsemi svo sem í skipum. Við eftirgrennslan kom í ljós að algeng öryggi/vör fyrir stærri heimilistæki eru 25 amper á 220 volta spennu. Við nýjar raflagnir til heimila er ennfremur oftast miðað við 20 – 25 amper.

Vélar almennt seldar til heimilisnota eru venjulega 600 mm á breidd, vega um það bil 50 – 60 kg. og notast við ein-fasa rafmagn 220 volt. Stundum eru heimiliseldavélar útfærðar þannig að þær er hægt að tengja við þriggja-fasa rafmagn en hér á landi er einfasa tenging nánast algild. Algeng stærð öryggja fyrir slíkar vélar sem tengdar eru ein-fasa 220 volta spennu er 20 – 25 amper. Algeng afköst eldavélar til heimilisnota er um það bil 8 – 10 kw séu þær tengdar þriggja fasa 380 volta spennu. Afköst heimilisvéla sem tengdar eru einfasa 220 volt eru að sama skapi minni. Afköst Beha M31AA eru uppgöfin 13,4 kw en ekki er hægt að tengja hana við ein-fasa rafmagn.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur og rafvirkjum er afar sjaldgæft að lagt sé fyrir þriggja fasa rafmagn í heimiliseldhús á Íslandi og ekki þekkt að raflögn fyrir 63 amper sé

lögð í heimiliseldhús. Nánast algilt er að raflögn fyrir eldavélar á heimilum sé gerð fyrir allt að 25 amper og einfasa 220/230 volt.

Í skýringarbók Alþjóða tollaráðsins (Explanatory Notes) við 85116 liður E segir: This group includes all electro-thermic machines and appliances **provided** they are **normally** used in **household**. Það er að þessi flokkur innihaldi öll rafmagnshitatæki sem ætluð eru til venjulegs heimilishalds. Að mati nefndarmanna er vél sú sem hér er til umfjöllunar af gerðinni Beha cooking Range M31 AA af þeirri gerð og uppbyggingu að hún sé ekki framleidd til almennra heimilisnota, þ.e. venjulegs heimilishalds. Vélin er af allri gerð og búnaði mun öflugri, stærri og afkastameiri en þær vélar sem almennt eru notaðar í heimilisrekstri. Vélin er gerð fyrir þriggja fasa rafmagn, þarf 64 ampera öryggi, er mun betur einangruð en þekkist í almennum heimilissvélum og er útbúin festingum til að festa hana við gólf og útbúin grindum til að skorða af potta og pönnur og er ætluð til nota í skipum.

Í rökstuðningi Tollstjóra fyrir flokkun vélarinnar í tnr. 8516.6001 er vitnað til bréfs fjármálaráðuneytis frá 7. apríl 1983 og bréfs Ríkistollstjóra frá 10. október 1991 um hvernig skuli túlka hugtakið heimilistæki, þ.e. að það beri að túlka vítt. Ríkistollanefnd gerir út af fyrir sig ekki athugasemd við þessa túlkun tollstjóra, en hafa verður til hliðsjónar orðalag tollskrár og skýringabóka við hana, sbr. tilvitnun hér að framan: “ **provided** they are **normally** used in **household**”.

Þegar öll framangreind sjónarmið eru skoðuð er það mat ríkistollanefndar að eldavél sú, Beha Cooking Range M31 AA, sem hér er til umfjöllunar skuli tollflokkuð í tnr. 8419.8901.

Ríkistollanefnd úrskurðar með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6, er hinn kærði úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 16/2010 felldur úr gildi. Tollflokka skal eldavél af gerðinni Beha Cooking Range M31AA í tnr. 8419.8901.